



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. nóvember 2011

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum (takmörkun á gildissviði laganna, reglugerðarheimild, EES-reglur), 138. mál.**

Samtök iðnaðarins gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Í aðfararorðum með reglugerð ESB nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli, 9. lið, íslenskri þýðingu segir:

*„Reglur Bandalagsins gilda ekki um frumframleiðslu til einkanota á heimilum eða um vinnslu, meðferð eða geymslu matvæla á heimilum til einkaneyslu. Þær gilda auk þess aðeins um fyrirtæki sem búa við tiltekna samfellu í starfsemi og tiltekið skipulag.“*

Samtök iðnaðarins gera ekki athugasemdir við að sömu reglur gildi hér og annars staðar á EES svæðinu en benda á að framkvæmdastjórn ESB hefur gefið út leiðbeiningar um innleiðingu tiltekinna ákvæða reglugerðarinnar. Leiðbeiningarnar eru ekki bindandi en engu að síður verður að teljast eðlilegt að taka tillit þeirra til að stuðla að sambærilegri túlkun alls staðar á EES svæðinu. Grein 3.8. í leiðbeiningunum fjallar um þetta atriði. Þar segir:

***„3.8. The occasional handling, preparation, storage and serving of food by private persons***

*Operations such as the occasional handling, preparation, storage and serving of food by private persons at events such as church, school or village fairs are not covered by the scope of the Regulation. This is made clear in recital 9 of Regulation (EC) No 852/2004. The second sentence states that: "Community rules should only apply to undertakings, the concept of which implies a certain continuity of activities and a certain degree of organisation". The term "undertaking" is integrated in the definition of a "food business" (in accordance with Article 3(2) of the General Food Law (Regulation (EC) No 178/2002), a "food business" must be an "undertaking"). Somebody who handles, prepares, stores or serves food occasionally **and on a small scale** (e.g. a church, school or village fair and other situations such as organised charities comprising individual volunteers where the food is prepared occasionally) cannot be considered as an "undertaking" and is therefore not subject to the requirements of Community hygiene legislation."*

Í þessu ákvæði kemur skýrt fram að um sé að ræða framleiðslu **í litlu magni og í einstökum tilvikum**.

Í frumvarpi sjávaraútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur láðst að taka fram að um sé að ræða framleiðslu í litlu magni. Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að það sé tekið skýrt fram. Í fyrrnefndum leiðbeiningum eru tekin sem dæmi samkomur í kirkjum, skólum og bæjarhátíðum og skipulagt hjálparstarf. Kirkjukaffi, bekkjarkvöld í skólum og kaffikvöld félagasamtaka, þar sem hver þátttakandi leggur eitthvað til á hlaðborð, eru vel þekkt hér á landi og ekki gerðar athugasemdir við að slíkt sé undanþegið matvælaeftirliti. Hins vegar telja SI mikilvægt að sölustarfsemi



til góðgerðarstarfsemi sé skilgreind þröngt og túlkuð þröngt þannig að alveg sé ljóst að starfsemin hafi það að einasta markmiði að verja hagnaði sínum til almenningsheilla. Því leggja Samtökin til að skilgreiningin á góðgerðastarfsemi takmarkist við líknarmál og hjálparstarfsemi. Fjölmörg dæmi sýna að auðvelt er að misnota rúmar heimildir til sölustarfsemi í svokölluðu góðgerðarskyni og hugtök eins og íþróttamál, félagsmál og vísindastarfsemi eru mjög teygjanleg.

SI leggja áherslu á að ef á að veita einhverri sölustarfsemi á matvælum undanþágu frá matvælalögum eigi að skilgreina nákvæmlega að það eigi aðeins við um matvæli **í litlu magni, við einstök tilfelli og eingöngu til góðgerðarmála.**

SI leggja til að a. liður 1. greinar hljóði svo:

*Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:*

a. Á eftir 3. másl.1. mgr. koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Lögin taka ekki til einstaklinga eða félagasamtaka sem matreiða og bjóða matvæli **í litlu magni** til neyslu án endurgjalds eða annars ávinnings við einstök tilefni. Lögin taka ekki heldur til einstaklinga eða félagasamtaka sem matreiða og bjóða til sölu matvæli **í litlu magni** beint til neytenda í þágu góðgerðarstarfsemi og stunda slíka starfsemi ekki að jafnaði og ekki í eigin hagnaðarskyni.

Ennfremur leggja SI til að 2. gr. hljóði svo:

*Við 4. gr. laganna bætist ný skilgreining í viðeigandi stafrófsröð, svohljóðandi:*

**Góðgerðarstarfsemi** er starfsemi sem hefur það einasta markmið að verja hagnaði sínum til almenningsheilla, svo sem líknarmála eða hjálparstarfsemi.

Jafnframt er lagt til að Matvælastofnun birti skýrar leiðbeiningar til þeirra sem hyggjast standa fyrir sölu á matvælum, í ofangreindu skyni, þar sem lögð er áhersla á hollustuhætti og bent er á hættu sem getur fylgt meðhöndlun viðkvæmra matvæla við ófullkomnar aðstæður.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

*Ragnheiður Héðinsdóttir*

Ragnheiður Héðinsdóttir,  
Forstöðumaður matvælasviðs